


26. mars 2018

## Tennissamband Íslands



**Mætt:** Ásta, Berglind, Bragi, Gunnar og Hjörtur

**Fundarritari:** Bragi

### **Fundarefni:**

1. Fundur með páskaeggjum í boði formanns.
2. **Heiðursfélagi TSÍ 2018.** Ákveðið var að einn nýr heiðursfélagi yrði heiðraður á árshátíð TSÍ. Val á viðkomandi var samþykkt samhljóða.
3. **Ársreikningur 2017.** Ársreikningurinn er tilbúinn, en farið var yfir allar tölur. Skoðunarmenn munu nú skoða hann.
4. **Áætlun 2018.** Fjörug umræða en, stjórnin vill áfram leggja mikla áherslu á útbreiðslustarf og afreksstarf. Eins þarf að gera átak í dómaramálum, en einnig þarf að halda rekstrinum í jafnvægi.
5. **Veitingar á ársþingi 2018.** Stefnt að því að hafa hefðbundnar veitingar, en kanna þátttökur fyrirfram til að draga úr sóun vegna veitinga og fjölföldunar gagna.

Fundi slitið.